

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 86/2001

frá 19. júní 2001

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 57/2001 frá 18. maí 2001⁽¹⁾.
- 2) Í ákvörðun EES-ráðsins nr. 1/95 frá 10. mars 1995 um gildistöku samningsins um Evrópska efnahagssvæðið að því er varðar Furstadæmið Liechtenstein⁽²⁾ er kveðið á um að Liechtenstein skuli frá 1. janúar 1999 leggja fram gögn á sviði utanríkisverslunar eins og kveðið er á um í ákvæðum samningsins þar að lútandi.
- 3) Sameiginlega EES-nefndin átti að endurmeta þessa skuldbindingu í lok aðlögunartímabilsins með tilliti til sérstakra aðstæðna í Liechtenstein.
- 4) Í kjölfar fyrirnefnds endurmats ber að undanþiggja Liechtenstein frá því að safna tilteknum hagskýrslum um utanríkisverslun.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 165, 21.6.2001, bls. 63 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 32, 21.6.2001, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 86, 20.4.1995, bls. 58.

1. gr.

XXI viðauka við samninginn skal breytt sem hér segir:

1. Fyrsta málsgreinin á eftir fyrirsögninni „Skýrslur um utanríkisverslun“ falli niður.
2. Eftirfarandi bætist við í 8. lið (reglugerð ráðsins (EB) nr. 1172/95) á eftir aðlögunartextanum:
 - „e) Liechtenstein skal safna upplýsingum sem krafist er í þessari reglugerð frá 1. janúar 2000.
 - f) Liechtenstein skal undanþegið söfnun upplýsinga um viðskipti milli Sviss og Liechtensteins.
 - g) Liechtenstein skal eingöngu safna upplýsingum um beinan innflutning og útflutning.
 - h) Liechtenstein skal undanþegið söfnun upplýsinga um viðskipti í mynt og gull- og silfurstöngum.
 - i) Orðin „þar með talinn rafstraumur“ í b-lið 2. mgr. gildir ekki um Liechtenstein.
 - j) Liechtenstein skal eingöngu láta í té sex stafa upplýsingar samkvæmt 2. mgr. 8. gr.
 - k) Hvað Liechtenstein varðar gildir skráningarland flutningatækis sem fer yfir landamæri í i-lið 1. mgr. 10. gr. eingöngum um flutninga á vegum.
 - l) Liechtenstein þarf ekki að leggja fram gögn sem krafist er í j-lið 1. mgr. 10. gr.
 - m) Hvað varðar Liechtenstein skal ekki dreifa tölfræðilegum niðurstöðum samkvæmt 1. mgr. 13. gr. sem gera kleift að bera óbeint kennsl á útflytjendur og innflytjendur og eingöngu skal dreifa tveggja stafa upplýsingum samræmda kerfisins.“
3. Eftirfarandi bætist við á eftir aðlögunartextanum í 10. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 840/96):

- f) Kóði nr. 7 í a- og b-liðum 4. mgr. 6. gr. gildir ekki um Liechtenstein.
- g) „Fyrir eigin vélarafli“, sem flutningsmáti samkvæmt 3. mgr. 10. gr. er ekki notað fyrir Liechtenstein.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 20. júní 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 19. júní 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.